



## Lesfimi D1

### Skráningarblað

*Nemandi* \_\_\_\_\_

*Bekkur* \_\_\_\_\_

*Skóli* \_\_\_\_\_

**Villur**

Villur eru skráðar með því að draga hring utan um hakið fyrir neðan orðið sem lesið var rangt.

**Lesinn orðafjöldi**

Orðafjöldi er fundinn með því að finna samsvarandi tölu hægra megin í línunni. Skrá skal þann fjölda í viðeigandi reit hér að neðan.

Fjöldi villna \_\_\_\_\_

Lesinn orðafjöldi \_\_\_\_\_

Lauk við texta innan tímamarka?

Nei  Já

Ef já, tími (sek.) \_\_\_\_\_

Danni dró blýant upp úr skólatöskunni og skrifaði niður símanúmerið.	1 2 3 4 5 6 7 8 9 10
Hann hafði alltaf langað til að eignast gulan hund.	11 12 13 14 15 16 17 18 19
„Ég verð að segja mömmu frá þessu,” sagði hann við Matta.	20 21 22 23 24 25 26 27 28 29 30
Mamma varð bæði hissa og glöð. Hún hafði einmitt ráðgert að finna	31 32 33 34 35 36 37 38 39 40 41 42
hvolp til að gefa Danna í afmælisgjöf.	43 44 45 46 47 48 49
„Kannski fáum við einn strax í dag, ef við hringjum núna,” sagði Danni	50 51 52 53 54 55 56 57 58 59 60 61 62
ákafur. Mamma hringdi í númerið á miðanum. Danni heyrði mömmu	63 64 65 66 67 68 69 70 71 72
segja að þau væru að leita að góðum hundi fyrir níu ára strák, og að þau	73 74 75 76 77 78 79 80 81 82 83 84 85 86 87 88
hefðu aldrei verið með hund á heimilinu áður. Að samtalinu loknu sagði	89 90 91 92 93 94 95 96 97 98 99 100
hún. “Við skulum drífa okkur. Við fáum hvolpinn strax, ef eigandanum	101 102 103 104 105 106 107 108 109 110 111
líst vel á okkur.”	112 113 114 115
Mamma ók að stóru hvítu húsi með grænu þaki og stórum vel girtum	116 117 118 119 120 121 122 123 124 125 126 127 128
garði. Garðurinn var iðandi af hvolpum. Danni kom strax auga á	129 130 131 132 133 134 135 136 137 138 139
svartan hvolp með hvíta bringu. Hann hljóp út úr bílnum og að	140 141 142 143 144 145 146 147 148 149 150 151
girðingunni. „Þessi er frábær,” sagði hann. Mamma hans sagði honum	152 153 154 155 156 157 158 159 160 161
að nú þyrfti hann að vanda valið. Það væru margir sem kæmu til greina	162 163 164 165 166 167 168 169 170 171 172 173 174 175
og hann ætti ekki að rasa um ráð fram. Danni átti í basli með að velja.	176 177 178 179 180 181 182 183 184 185 186 187 188 189 190 191
Þarna sá hann einn ljósan hvolp með svartar doppur. Honum leist mjög	192 193 194 195 196 197 198 199 200 201 202 203
vel á hann. En þá kom hann auga á annan með hvítt trýni og ljósa rófu.	204 205 206 207 208 209 210 211 212 213 214 215 216 217 218 219
Æi, þetta var erfiðara en hann hafði búist við. Þegar hann hélt að hann	220 221 222 223 224 225 226 227 228 229 230 231 232 233
væri búinn að velja einn vakti annar athygli hans.	234 235 236 237 238 239 240 241 242
Danni var orðinn dálítið ráðvilltur þegar lítill, svartur hnoðri skaust	243 244 245 246 247 248 249 250 251 252
allt í einu út úr runna. Hann var svolítið þakkaralegur að sjá og hljóp	253 254 255 256 257 258 259 260 261 262 263 264 265 266
og ærslaðist í kringum þau. Hann dillaði rófunni ákaft og nartaði	267 268 269 270 271 272 273 274 275 276 277
í buxnaskálmína hans Danna, eins og hann vildi segja honum eitthvað.	278 279 280 281 282 283 284 285 286 287 288
Danni brosti út að eyrum. Nú var hann viss. Þó að þessi hvolpur væri	289 290 291 292 293 294 295 296 297 298 299 300 301 302
ekki gulur skyldi hann vissulega verða hvolpurinn hans.	303 304 305 306 307 308 309 310